

Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi

10. fundur stýrihóps

Staður: Húsavík – PCC BakkiSilicon

Tími: 11.11.2019 kl. 10:45-12:00

Mætt voru:

Stýrihópur og/eða fulltrúar eigenda:

Jóhanna Harpa Árnadóttir, Landsvirkjun
Steinn Ágúst Steinsson, Landsvirkjun
Elma Sif Einarsdóttir, PCC Bakki Silicon
Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit
Kristján Þór Magnússon, Norðurþing
Engilráð Ósk Einarsdóttir, Landsnet
Hjalti Jóhannesson, RHA
Þorsteinn Gunnarsson, Skútustaðahreppi.

Starfsmenn:

Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga
Óli Halldórsson, Þekkingarneti Þingeyinga

Fjarverandi:

Sigurjón Steinsson, Geosea – fulltrúi ferðapjónustu
Helena Eydís stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Staða verkefnisins

Verkefnisstjóri fór yfir miðlun á gögnum og fréttum sem birt eru á vefum verkefnisins. Um 25% gesta eru endurkomu gestir, 57% koma beint inn á vefinn, þeir sem koma beint inn á vefinn dvelja lengst inn á honum og skoða mest. Þeir sem koma eftir linkum á öðrum vefsíðum stoppa stöðugt.

2. Kynning á breyttu verklagi

Verkefnisteymi ÞP mun innleiða nýtt verklag til að tryggja gæði og draga úr líkum á mistökum við úrvinnslu og birtingu gagna.

3. Breyting á vísu

Kynnt var tillaga að breytingu á vísu 2.4 – texti sem tilheyrir vöktun á vatnsgæðum Reyðará og Botnsvatns sem fer fram í tengslum við vöktunaráætlun PCC Bakkisilicon. Ferill: Næsta skref er að textinn fari í rýni hjá umhverfishópi Landsvirkjunar. Verkefnisstjóri lagði fram tillögu að nýjum mælikvarða við vísu 3.2. Tillagan felur í sér að birta úthlutaðar aflaheimildir eftir höfnum. Gefur vísbendingar um þróun atvinnuhátta á svæðinu og samanburðarsvæðum. Ferill: Verkefnisstjóri bætir við mynd sem sýnir landaðann afla eftir höfnum. Tekin ákvörðun á næsta stýrihópsfundi um framhaldið. Tillaga kom fram á fundinum um að hefja einnig birtingu á gögnum tengdum framleiðslu PCC BakkiSilicon. Verkefnisstjóra í samráði við fulltrúa PCC Bakkisilicon í stýrihópi falið að vinna tillögu og leggja fyrir á næsta fundi stýrihópsins.

4. Drög að starfsáætlun

Verkefnisstjóri fór kynnti megin þætti í starfi ársins 2020. Miklar umræður áttu sér stað um kynningu og hagnýtingu verkefnisins. JHÁ sagði frá samningi á milli Landsvirkjunar og HR um aðkomu að sjálfbærnisetri og þá möguleikanum á að tengja verkefnið við það sem uppsprettu rannsóknaverkefna fyrir háskólanema. ÓH sagði frá hugmyndum á Þekkingarsetrinu um að sumarnemar yrðu ráðnir til frekari úrvinnslu og greiningar á gögnum verkefnisins.

5. Ársfundur 2020

Pema

1. Gaumur og skipulagsverkefni sveitarfélaga
2. Gaumur og heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna
3. Samfélagsvísar

Tillögur að gestum:

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, skipulagsstjóri,
Halldóra Hreggviðsdóttir, framkvæmdastjóri Alta og skipulagsráðgjafi,
Faney Karlsdóttir, verkefnisstjóri sameinuðu þjóðanna,
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi/Auður Finnbogadóttir,
verkefnisstjóri stefnumótunar hjá Kópavogsbæ
Ásta Bjarnadóttir, verkefnisstjórn heimsmarkmiða
Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs

Dags. Vikan 11.-15. maí. Fundurinn stæði frá kl. 12:00-14:00.

Tvö til þrjú erindi og umræður að því loknu. Boðið upp á súpu/salat/brauð og kaffi á meðan á fundinum stendur.

6. Önnur mál

Fleira ekki rætt.